Nr. 22/2003
1. september 2003

# Greiðslujöfnuður við útlönd á fyrri árshelmingi 2003 og erlend staða þjóðarbúsins.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri Seðlabanka Íslands var 17,9 milljarða króna viðskiptahalli við útlönd á fyrstu sex mánuðum ársins 2003 samanborið við 2,9 milljarða króna halla á sama tíma 2002. Viðskiptahallinn á öðrum ársfjórðungi nam 15,2 milljörðum króna samanborið við 1,5 milljarða króna halla á sama tíma í fyrra. Útflutningur vöru og þjónustu minnkaði á fyrri árshelmingi um 2,3% en innflutningur jókst um 10,2% frá sama tíma í fyrra reiknað á föstu gengi[1]. Hallinn á jöfnuði þáttatekna (launa, vaxta og arðs af fjárfestingum) og rekstrarframlögum nettó var um 9 milljarðar króna á fyrri árshelmingi 2003, nokkru minni en í fyrra.

***Greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna***

| *Ársfjórðungar:* | *Apríl- júní* | | *Janúar- júní* | |
|---|---|---|---|---|
| | *2002* | *2003* | *2002* | *2003* |
| **Viðskiptajöfnuður** | **-1,5** | **-15,2** | **-2,9** | **-17,9** |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 79,3 | 66,4 | 155,7 | 137,0 |
| Innflutningur vöru og þjónustu | -75,5 | -78,5 | -147,0 | -145,9 |
| Þáttatekjur og framlög, nettó | -5,2 | -3,0 | -11,6 | -9,0 |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **11,9** | **20,3** | **27,7** | **40,5** |
| Hreyfingar án forða | 14,0 | 20,4 | 30,8 | 40,8 |
| Gjaldeyrisforði (- aukning) | -2,1 | 0 | -3,1 | -0,2 |
| *Skekkjur og vantalið, nettó* | -10,4 | -5,2 | -24,8 | -22,7 |

Hreint fjárinnstreymi mældist 40,5 milljarðar króna á fyrri árshelmingi 2003 og skýrist að stærstum hluta af erlendum lántökum og skuldabréfaútgáfu í útlöndum, en einnig var 11,8 ma.kr. fjárinnstreymi vegna kaupa erlendra aðila á skuldabréfum útgefnum á Íslandi. Fjárútstreymi vegna erlendra verðbréfakaupa nam 14,1 milljarði króna sem er ríflega helmingi meira en árið áður. Önnur eignamyndun í útlöndum var mikil á fyrri hluta ársins 2003, einkum jukust erlendar innstæður bankanna. Nokkurt fjárútstreymi varð vegna sölu erlendra aðila á eignarhlut sínum í atvinnurekstri á Íslandi á fyrri hluta

[1] Viðskiptavegin gengisvísitala var 9,9% lægri á fyrri árshelmingi 2003 en á sama tímabili í fyrra.

ársins.Gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 36,9 milljörðum króna í júnílok og hafði lítið breyst frá ársbyrjun.

Skekkjuliður greiðslujafnaðar er stór og neikvæður á fyrri hluta ársins eins og á sama tímabili í fyrra. Talið er að hann stafi af meira fjárútstreymi, annað hvort meiri aukningu eigna eða lækkun skulda, en tekist hefur að afla upplýsinga um.

Erlendar skuldir þjóðarinnar námu 572 milljörðum króna umfram erlendar eignir í lok júní sl. Hrein skuldastaða við útlönd lækkaði um 9,3 milljarða króna á fyrri árshelmingi 2003 vegna gengishækkunar krónunnar og hækkunar á markaðsvirði erlendrar verðbréfaeignar. Meðfylgjandi yfirlit sýna ítarlegri upplýsingar um greiðslujöfnuðinn við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins.

Í dag mánudaginn 1. september 2003 birtist töfluyfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu í hagtölum Seðlabankans á heimasíðu hans: (*www.sedlabanki.is*).

Nánari upplýsingar veitir Jakob Gunnarsson, deildarstjóri á tölfræði-sviði Seðlabanka Íslands, í síma 569-9600.

# GREIÐSLUJÖFNUÐUR VIÐ ÚTLÖND

| *Í milljónum króna* | **Apríl- júní** | | **Janúar - júní** | | *Breyting* [1] |
|---|---|---|---|---|---|
| | ***2002*** | ***2003*** | ***2002*** | ***2003*** | *frá fyrra ári* |
| **Viðskiptajöfnuður** | **-1.527** | **-15.180** | **-2.875** | **-17.879** | |
| Útflutningur vöru og þjónustu | 79.254 | 66.365 | 155.692 | 137.016 | -2,3% |
| Innflutningur vöru og þjónustu | -75.533 | -78.532 | -146.962 | -145.907 | 10,2% |
| Þáttatekjur og framlög, nettó | -5.248 | -3.013 | -11.605 | -8.988 | -14,0% |
| **Vöruskiptajöfnuður** | 5.230 | -6.848 | 10.734 | -119 | |
| Útfluttar vörur f.o.b. | 54.194 | 43.742 | 107.318 | 93.121 | -3,7% |
| Innfluttar vörur f.o.b. | -48.964 | -50.590 | -96.584 | -93.240 | 7,2% |
| **Þjónustujöfnuður** | -1.509 | -5.319 | -2.004 | -8.772 | |
| Útflutt þjónusta | 25.060 | 22.623 | 48.374 | 43.895 | 0,7% |
| Samgöngur | 13.003 | 11.305 | 25.160 | 21.869 | -3,5% |
| Ferðalög | 5.345 | 5.395 | 8.501 | 8.445 | 10,3% |
| Önnur þjónusta | 6.712 | 5.923 | 14.713 | 13.581 | 2,5% |
| Innflutt þjónusta | -26.569 | -27.942 | -50.378 | -52.667 | 16,1% |
| Samgöngur | -9.727 | -9.106 | -19.231 | -18.405 | 6,2% |
| Ferðalög | -8.683 | -9.873 | -15.269 | -16.993 | 23,5% |
| Önnur þjónusta | -8.159 | -8.963 | -15.878 | -17.269 | 20,7% |
| **Þáttatekjur, nettó** | -5.106 | -2.751 | -11.075 | -8.317 | |
| Tekjur | 3.192 | 5.259 | 6.882 | 9.616 | 55,1% |
| Laun | 1.130 | 2.572 | 2.530 | 4.101 | 79,9% |
| Ávöxtun hlutafjár [2] | 1.148 | 1.540 | 2.378 | 3.228 | 50,7% |
| Vaxtatekjur | 914 | 1.147 | 1.974 | 2.287 | 28,6% |
| Gjöld | -8.298 | -8.010 | -17.957 | -17.933 | 10,9% |
| Laun | -362 | -139 | -463 | -277 | -33,6% |
| Ávöxtun hlutafjár [2] | -578 | -353 | -764 | -1.685 | 144,8% |
| Vaxtagjöld | -7.358 | -7.518 | -16.730 | -15.971 | 6,0% |
| **Rekstrarframlög** | -142 | -262 | -530 | -671 | |
| **Fjármagnsjöfnuður** | **11.883** | **20.341** | **27.703** | **40.543** | |
| Fjárframlög, nettó | -5 | -84 | -29 | -33 | |
| Fjármagnshreyfingar [3] | 11.888 | 20.425 | 27.732 | 40.576 | |
| **Hreyfingar án forða** | **14.034** | **20.435** | **30.812** | **40.811** | |
| Bein fjárfesting, nettó | 1.124 | -9.660 | 5.161 | -1.563 | |
| Innlendra aðila erlendis | -5.055 | -452 | -5.691 | -155 | |
| Erlendra aðila á Íslandi | 6.179 | -9.208 | 10.852 | -1.408 | |
| Verðbréfaviðskipti, nettó | 33.898 | 64.417 | 27.840 | 53.428 | |
| Erlend verðbréf | -568 | -6.290 | -6.692 | -14.096 | |
| Hlutafé | -71 | -4.834 | -6.537 | -12.015 | |
| Skuldaskjöl | -497 | -1.456 | -155 | -2.081 | |
| Innlend verðbréf | 34.466 | 70.707 | 34.532 | 67.524 | |
| Hlutafé | 173 | -1.837 | -2.260 | -4.292 | |
| Skuldaskjöl | 34.293 | 72.544 | 36.792 | 71.816 | |
| Annað fjármagn, nettó | -20.988 | -34.322 | -2.189 | -11.054 | |
| Eignir | -27.545 | -42.363 | -23.594 | -49.548 | |
| Skuldir | 6.557 | 8.041 | 21.405 | 38.494 | |
| **Gjaldeyrisforði** | **-2.146** | **-10** | **-3.080** | **-235** | |
| Skekkjur og vantalið | -10.356 | -5.161 | -24.828 | -22.664 | |

1) Breytingin er reiknuð á föstu gengi m.v. meðalgengisvísitölu krónunnar.
2) Arðgreiðslur af hlutafé og endurfjárfestur hagnaður í beinni fjárfestingu.
3) Neikvætt formerki táknar fjárútstreymi vegna eignaaukningar eða skuldalækkunar.

# ERLEND STAÐA ÞJÓÐARBÚSINS

| *Staða í lok tímabils í ma.kr.:* | *2000* | *2001* | *2002* | *Mars* 2003* | *Júní* 2003* |
|---|---|---|---|---|---|
| **I. Erlendar eignir, alls** | **315,8** | **421,1** | **405,4** | **406,4** | **484,0** |
| 1 Bein fjárfesting erlendis | 56,2 | 86,7 | 86,4 | 86,9 | 86,7 |
| 11 Eigið fjármagn | 41,0 | 66,6 | 69,8 | 70,4 | 72,7 |
| 12 Lán til tengdra félaga | 15,2 | 20,2 | 16,7 | 16,5 | 13,9 |
| 2 Erlend markaðsverðbréf | 186,3 | 202,5 | 169,8 | 168,8 | 201,6 |
| 21 Hlutafé | 179,7 | 188,0 | 151,3 | 149,8 | 181,0 |
| 22 Skuldaskjöl | 6,6 | 14,6 | 18,5 | 19,0 | 20,6 |
| 221 Skuldabréf | 3,6 | 11,8 | 16,1 | 17,2 | 18,5 |
| 222 Peningabréf | 3,0 | 2,8 | 2,4 | 1,8 | 2,1 |
| 3 Afleiður | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 4 Aðrar fjáreignir en forði | 39,1 | 95,2 | 112,0 | 114,7 | 158,9 |
| 5 Gjaldeyrisforði | 34,2 | 36,6 | 37,2 | 35,9 | 36,9 |
| **II. Erlendar skuldir, alls** | **763,4** | **1.007,5** | **986,8** | **984,7** | **1.056,1** |
| 1 Bein fjárfesting á Íslandi | 41,4 | 67,0 | 69,9 | 76,4 | 44,7 |
| 11 Eigið fjármagn | 33,1 | 63,6 | 66,2 | 72,0 | 41,7 |
| 12 Lán frá tengdum félögum | 8,3 | 3,4 | 3,7 | 4,4 | 2,9 |
| 2 Innlend markaðsverðbréf | 346,7 | 468,0 | 468,3 | 477,0 | 571,4 |
| 21 Hlutafé | 1,2 | 5,6 | 7,9 | 5,7 | 4,2 |
| 22 Skuldaskjöl | 345,5 | 462,4 | 460,4 | 471,3 | 567,1 |
| 221 Skuldabréf | 299,2 | 379,4 | 388,4 | 392,6 | 458,8 |
| 222 Peningabréf | 46,3 | 83,0 | 72,0 | 78,8 | 108,3 |
| 3 Afleiður | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 4 Aðrar erlendar skuldir | 375,3 | 472,4 | 448,6 | 431,2 | 440,1 |
| 41 Löng lán | 288,1 | 377,0 | 295,4 | 278,9 | 282,8 |
| 42 Skammtímaskuldir | 87,2 | 95,4 | 153,2 | 152,3 | 157,3 |
| **III. Hrein staða við útlönd** | **-447,6** | **-586,4** | **-581,4** | **-578,3** | **-572,1** |
| 1. Áhættufjármagn, nettó | 193,3 | 202,1 | 159,9 | 154,6 | 218,7 |
| 2. Skuldabréf, lán o.fl., nettó | -640,9 | -788,5 | -741,3 | -732,9 | -790,8 |
| 21 Seðlabankinn | 18,6 | 21,7 | 20,8 | 25,9 | 32,6 |
| 22 Hið opinbera | -167,4 | -239,6 | -225,4 | -212,5 | -217,0 |
| 23 Innlánsstofnanir | -329,5 | -377,4 | -381,1 | -396,0 | -433,9 |
| 24 Aðrir geirar | -162,6 | -193,2 | -155,5 | -150,3 | -172,5 |
| *Gengi Bandaríkjadals* | *84,47* | *102,95* | *80,58* | *76,48* | *76,38* |
| **IV. Skuldahlutföll:** [1] | | | | | |
| 11 Hrein staða þjóðarbúsins | -64,0 | -76,0 | -80,9 | -72,4 | -70,8 |
| 12 Hrein skuldastaða [2] | 91,6 | 102,1 | 103,2 | 91,7 | 97,8 |
| 13 Erlend skuldastaða [3] | 103,1 | 121,1 | 126,5 | 112,9 | 124,6 |
| 131 þ.a. langtímaskuldir | 84,0 | 98,0 | 95,2 | 84,0 | 91,7 |

*) Bráðabirgðatölur.
1) Verg landsframleiðsla er reiknuð til sambærilegs gengis og erlend skuldastaða í lok tímabils.
2) Hrein skuldastaða (skuldir að frádregnum eignum) án áhættufjármagns (bein fjárfesting og hlutafé).
3) Verg skuldastaða án áhættufjármagns.